



Stjórn SSH 415. fundur

Mánudaginn 11. maí 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Haraldur L. Haraldsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Guðný Ívarsdóttir og Bryndís Haraldsdóttir.

Fjarverandi: Haraldur Sverrisson

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk.

- Framkvæmdaráð ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk – áfangaskýrsla
- Undirbúningur að vinnu á vegum SSH við mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag aksturþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. samþykkt eigendafundar Strætó bs. 6. mars sl.

Þorkell Sigurlaugsson, formaður framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðs fólks, mætti á fundinn og gerði grein fyrir framlagðri áfangaskýrslu ráðsins.

Umræður

Niðurstaða:

- Samþykkt framlenging á skipunartíma framkvæmdaráðs um einn mánuð, þ.e. til septemberloka 2015.
- Framkvæmdastjóra SSH falið að vinna drög að ítarlegri erindisbréfi fyrir framkvæmdaráðið
- Ákveðið að boða eigendafund Strætó bs. mánudaginn 18. maí til frekari yfirferðar yfir áfangaskýrslu framkvæmdaráðs, væntanlega niðurstöðu úr úttekt innri endurskoðunar og til undirbúnings vinnu sbr. b) lið hér að ofan, þ.e. mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag aksturþjónustunnar.

2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

- Þróunaráætlun 2015 -2019
- Borgarlínan

Hrafinkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri og Þorsteinn Hermannsson frá Mannvit sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

HÁP gerði grein fyrir stöðu vinnu við lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins og vinnu við mótun fyrri hluta þróunaráætlunar 2015 – 2019. ÞH gerði síðan grein fyrir vinnu við skilgreiningu á legu Borgarlínunnar og kynnti helstu niðurstöður úr verkefninu „Borgarlínan – Fasi 1“

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að niðurstöður úr verkefninu „Borgarlínan – Fasi 1“ verði sendar til kynningar í aðildarsveitarfélögunum.



3. Samræming gjaldskráa vegna stöðubrota

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna erindis stöðumælasjóðs Reykjavíkurborgar um samræmingu á gjaldskráum sveitarfélaganna vegna stöðubrota.

Niðurstaða:

Samþykkt að senda málið til aðildarsveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

4. Innleiðing kjarasamninga kennara

Stjórnaformaður vakti máls á þörf á samræmingu í aðgerðum aðildarsveitarfélaganna við innleiðingu á nýjum kjarasamningi kennara.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að boða til sérstakts samráðsfundar með stjórn SSH og fræðslustjórum aðildarsveitarfélaganna, ásamt fulltrúum samninganefnda borgarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga nk. föstudag.

Framkvæmdastjóra falið að boða fundinn.

5. Starfsmannamál.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna tímabundins ráðningarsamnings svæðisskipulagsstjóra, sem rennur út í lok júnímánaðar.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að gengið verði frá ótímabundinni ráðningu Hrafnkels Á. Proppé í starf svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, með hefðbundnum uppsagnarfresti af beggja hálfu og felur framkvæmdastjóra að gera viðeigandi breytingar á núgildandi ráðningarsamningi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45